

Til bæjarráðs

Svar við fyrirspurn Garðabæjarlistans vegna úrskurðar kærunefndar útboðsmála í máli nr. 25/2021

1. Hversu mikinn kostnað hefur Garðabær lagt í vegna kaupa á lögfræðipjónustu og þjónustu verkfræðistofa vegna rammaútboðs á vinnu iðnaðarmanna?

„Á tímabilinu frá janúar til júní 2021 hefur Juris sinnt fyrir Garðabæ málefnum sem varða undirbúning útboða sem nefnd hafa verið „þjónustu iðnaðarmanna“. Hefur Juris af því tilefni gert Garðabæ reikninga, samtals að fjárhæð kr. 3.307.063.

Í janúar, febrúar og apríl 2021 fólst vinnan í undirbúningi að útboðum á annars vegar rafmagnsvinnu og hins vegar málningarvinnu er fóru fram í apríl 2021. Á þessum þremur mánuðum voru unnir 59 tímar og reikningar voru samtals að fjárhæð kr. 1.467.063.

- Janúar (18,5 tímar)
 - Juris tók saman minnisblað, auk styttri samantektar, um þær innkaupaleiðir sem væru almennt færar, um innkaupaferlið, helstu valforsendur, og undirbúning auglýsingar og framkvæmd þessara útboða almennt.
- Febrúar (30,5 tímar)
 - Juris fór yfir fyrirbyggjandi drög að útboðsgögnum, og voru athugasemdir og tillögur gerðar varðandi drögin, m.a. um tilteknar úrbætur á gögnunum, auk þess sem svokallaður 0-kaflí var saminn.
- Apríl (10 tímar)
 - Aðstoð við að svara þeim fyrirspurnum er fram höfðu komið á fyrirspurnatíma.

Í maí og júní 2021 fólst vinnan í undirbúningi að öðru útboði á rafmagnsvinnu, sem var auglýst um miðjan júní. Á þessum tveimur mánuðum voru unnir 74,5 tímar og reikningur var samtals að fjárhæð kr. 1.840.000.

- Maí (18 tímar)
 - Yfirferð fyrirbyggjandi útboðsskilmála, sérstaklega hvað varðaði álitaefni um skilyrði rammamasamninga, undirverktöku og kröfur til bjóðenda
- Júní (50 tímar)
 - Vinna fólst í yfirferð og uppfærslu útboðsskilmála, m.a. m.t.t. athugasemda við fyrri útboðsskilmála. Sérstaklega farið yfir valforsendur, skilgreiningu svæða, tíma- og magntökuvinnu, og gerð tilboðsskráa og annarra fylgigagna.
 - Vinnufundur með Garðabæ og Strengingum vegna einstakra álitaefna í útboðsskilmálum.
- Júní (6,5 tímar)
 - Aðstoð við að svara fyrirspurnum er fram höfðu komið á fyrirspurnatíma.

Þá má geta þess að í byrjun júlí barst kæra vegna útboðsins til kærunefndar útboðsmála. Juris gætti hagsmuna Garðabæjar fyrir nefndinni á tímabilinu júlí til október 2021. Greinargerð vegna kæru var skilað í lok júlí. Frekari athugasemdum og svörum við fyrirspurnum var síðan komið á framfæri í lok

ágúst, um miðjan september og í október. Á þessu tímabili voru samtals unnir 56,75 tímar og reikningar voru að fjárhæð kr. 1.403.288.“

Á tímabilinu febrúar 2021 – september 2021 er bókfærður kostnaður vegna vinnu Strendings við gerð útboðsgagna kr. 2.629.890

2. Líkt og fram kemur í gögnum málsins hefur bærinn notið aðstoðar verkfræðistofu við undirbúning rammaútboðs og lögfræðistofu. Hversu mikla skaðabótaábyrgð bera þeir aðilar í þessum úrskurði?

Niðurstaða kærunefndar útboðsmála var að Garðabær væri skaðabótaskyldur gagnvart kæranda, Rafmagnsþjónustunni ehf., í skilningi 1. mgr. 119. gr. laga um opinber innkaup. Í því ákvæði er kveðið á um skaðabótaskyldu vegna tjóns sem verður vegna brota á lögum eða reglum um opinber innkaup gagnvart fyrirtæki sem getur sýnt fram á að það hafi átt raunhæfa möguleika á að vera valið og möguleikar þess hafi skerst við brotið. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði.

Til grundvallar þessari niðurstöðu liggur sú afstaða kærunefndar að annmarkar hafi verið á framkvæmd útboðsins, sbr. umfjöllun í úrskurðinum um birtingu auglýsingar á EES-svæðinu, að láðst hafi að boða kæranda á opnunarfund og að ekki hafi verið tekin afstaða til tilboða innan gildistíma þeirra. Kærunefndin tók ekki afstöðu til kröfu kæranda um ógildingu útboðsins í heild eða einstakra útboðsskilmála, þar sem kærandi taldist ekki hafa lögvarða hagsmuni þar að lútandi.

3. Hvers vegna var ekki gengið til samninga við lægstbjóðendur í stað þess að gera Garðabæ skaðabótaskyldan líkt og kemur fram í úrskurði kærunefndar og hver tók þá ákvörðun?

Tilboð voru lögð fram á fundi bæjarráðs 13. júlí 2021 og þá var upplýst um kæru Rafmagnsþjónustunnar til kærunefndar útboðsmála. Á fundi bæjarráðs 20. júlí 2021 var kæran lögð fram og bæjarstjóra falið að gæta hagsmuna bæjarins í málinu. Í ljósi þess að kæra var komin fram var talið rétt að taka ekki afstöðu til tilboða. Á fundi bæjarráðs 14. september 2021 var eftirfarandi bókað.

„Á fundi bæjarráðs sem haldinn var 13. júlí 2021 voru lögð fram tilboð í þjónustu rafvirkja. Einn bjóðenda kærði útboðið og hefur af þeirri ástæðu ekki verið tekin afstaða til tilboða. Kæran er enn til meðferðar hjá kærunefnd útboðsmála. Gildistími tilboða er runnin út og ekki hefur verið leitað eftir framlengingu á gildistíma tilboða sem er háð því að fyrir liggi samþykki allra bjóðenda. Útboðið telst því fallið niður og samþykkir bæjarráð að þjónusta rafvirkja verði boðin út að nýju.“